

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Málefnasvið: Orkumál
Mál nr. 183/2021



HS ORKA

Svartsengi
240 Grindavík
Iceland
+354 520 9300
hsorka@hsorka.is

www.hsorka.is

Svartsengi, 11. október 2021

Varðar: Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1040/2005

Vísað er til máls nr. S-183/2021 í samráðsgátt stjórnvalda þar sem kynnt eru til umsagnar drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1040/2005. HS Orka þakkar fyrir það tækifæri að veita umsögn um ofangreint mál. Félagið vill koma fram eftirfarandi ábendingum.

Útreikningur á kerfisframlagi.

HS Orka fagnar því að með breytingunni sé dreifiveitum settar skorður við útreikning á kerfisframlagi en telur mikilvægt að Orkustofnun, með aðstoð eða umsögn frá t.d. viðurkenndri fjármálastofnun, ákveði hvernig útreikningi skuli háttað, án samráðs við dreifiveitur. Mikilvægt er að útreikningur á t.a.m. ávöxtunarkröfu, tímalengd núvirðisreikninga og viðbótarkostnaði vegna tengingar sé með ábyggilegri, áreiðanlegri og gegnsærri aðferð sem gefi þá niðurstöðu fyrir virkjanir að þær njóti ef hagræðing er af tengingunni. Þannig fái virkjanir að njóta þeirrar hagræðingar sem fæst með t.d. lægri töpum, seinkun á fjárfestingum og lækkun á innmötunarkostnaði dreifiveitu frá Landsneti.

HS Orka lýsir yfir áhyggjum hvernig farið verði með fyrirhugað innmötunargjald á virkjanir og hvernig umræddar breytingar munu hafa áhrif á stærri smávirkjanir sem þegar hafa greitt hátt tengigjald og eiga svo í framhaldi að greiða innmötunargjald til dreifiveitu án þess að tengigjöld lækki á mótí.

Netmálar

HS Orka fagnar því að dreifiveitur geri samræmda netmála varðandi tæknileg mál. Dreifiveitur gera nú þegar kröfur um ákveðnar kostnaðarsamar stýringar í smávirkjunum sem rofabúnaður dreifiveitnanna getur síðan ekki alltaf unnið með, þar sem búnaður þeirra þarfnast endurnýjunar. Að því sögðu telur HS Orka mikilvægt að dreifiveitur slaki á núverandi kröfum um „black start“ og „eyjakeyrslu“ búnað sem settar eru á smávirkjanir. Ef gera á kröfur um slíkan búnað í smávirkjunum er mikilvægt að dreifiveitur greiði þann kostnað þar sem sá búnaður bætir rekstrarumhverfi dreifiveitna og því þeirra hagur að slíkur búnaður sé til staðar í smávirkjunum. HS Orka vill þó sérstaklega vekja athygli á því að erlendis eru ekki gerðar sömu kröfur á slíkan búnað í smávirkjunum heldur eingöngu á virkjanir sem hafa meira en +20MW af uppsetti afli.

Virðingarfyllst,

f.h. HS Orku hf.

Friðrik Friðriksson
Framkvæmdastjóri orkusölu